

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2018

2021/EES/13/33

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 frá 14. september 2016 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, um breytingu á tilskipun 2009/100/EB og niðurfellingu á tilskipun 2006/87/EB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2016/1629 fellir úr gildi, frá og með 7. október 2018, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 7. október 2018.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 47aa (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/49/ESB):

„47b. **32016 L 1629:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 frá 14. september 2016 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, um breytingu á tilskipun 2009/100/EB og niðurfellingu á tilskipun 2006/87/EB (Stjútíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 118).“

2. Eftirfarandi texta er bætt við 48. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/100/EB):

„, breytt með:

– **32016 L 1629:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 frá 14. september 2016 (Stjútíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 118).“

3. Texti liðar 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB) fellur brott frá og með 7. október 2018.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2016/1629, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 118.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 389, 30.12.2006, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.